

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. mgr. 44. gr. reglugerðarinnar:

Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Njóti útlendingur aðstoðar löglærðs talsmanns er Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála heimilt að birta ákvörðun sem tekin er á grundvelli laga um útlendinga með rafrænum hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 28. júní 2022.

Jón Gunnarsson.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 13. júlí 2022